

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð Garðakirkju, útgefin 42  
 á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. apríl 1958. 30. apríl  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Byggingarsjóð Garðakirkju.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður Garðakirkju.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Garðahrepps.

#### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparissjóði eða banka eða á annan þann hátt, sem sjóðstjórnin ákveður.

#### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að endurreisa kirkjuna að Görðum á Álftanesi.

#### 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit, sala minningarspjalda og fleira.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, þremur kosnum af stjórn Kvenfélags Garðahrepps og tveim kosnum af hreppsnefnd Garðahrepps, til fjögurra ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

#### 7. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar séu allar ákvarðanir sjóðstjórnar um framlag úr sjóðnum og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans. Fremst í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa.

#### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu endurskoðendur reikninga sjóðsins vera hinir sömu og endurskoðendur hreppsreikninga á hverjum tíma.

#### 9. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari að liðnum fimm árum, að fengnu samþykki hreppsnefndar og stjórnar Kvenfélags Garðahrepps.

Garðahreppi, 15. apríl 1958.

Ásta G. Björnsson.

Úlfhildur Kristjánsdóttir.

Helga Guðmundsdóttir.

Einar Halldórsson.

Guðmann Magnússon.